

Byggðasafn Borgarfjarðar

Söfnunarstefna

1. Kynning

1.1. Saga safnsins

Byggðasafnið var formlega stofnað árið 1960 og var aðal hvatamaður þess Haukur Jörundsson, kennari á Hvanneyri. Að Byggðasafninu stóðu: Samband borgfirskra kvenna, Búnaðarsamband Borgarfjarðar, Borgfirðingafélagið í Reykjavík og Ungmennasamband Borgarfjarðar. Frá árinu 1954, þ.e. sex árum fyrir formlega stofnun byggðasafnsins, hafði Ragnar Ásgeirsson safnað 670 gripum og voru þeir geymdir í Barnaskólanum á Varmalandi. Aðalfundur Byggðasafns Borgarfjarðar, sem haldinn var 7. september 1970, kaus þriggja manna stjórn yfir safnið sem fékk m.a. það verkefni að ráða safnvörð og varð í kjölfarið öll starfsemi byggðasafnsins bæði markvissari og skipulagðari.

Árið 1989 sameinuðust 17 sveitarfélög um rekstur byggðasamlags um Safnahús Borgarfjarðar: Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri- Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundareykjadalshreppur, Reykholtaldalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárlíðahreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur og Hraunhreppur. Innan byggðasamlagsins voru eftirtalin söfn:

Héraðsbókasafn Borgarfjarðar
Byggðasafn Borgarfjarðar
Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar
Náttúrugripasafn Borgarfjarðar
Listasafn Borgarness

Í árslok 2006 var byggðasamlaginu slitið, öll söfnin og rekstur þeirra féllu undir Borgarbyggð sem gerði þjónustusamninga við Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp vegna bóka- og skjalasafnsstarfseminnar. Frá 1. janúar 2007 gegndi Menningarnefnd Borgarbyggðar hlutverki stjórnar Safnahúss. Starfsmaður hennar var menningarfulltrúi Borgarbyggðar, sem jafnframt var forstöðumaður Safnahúss. Menningarfulltrúaembættið var lagt niður árið 2009 og var þá forstöðumannsstaðan gerð aftur að sjálfstæðu starfi í Safnahúsi. Í september 2009 var starfsemin felld undir Tómsunda- og menningarnefnd en í júlí sama ár var Borgarfjarðarstofa stofnuð og varð hún stjórn Safnahúss og þar með byggðasafns. Borgarfjarðarstofa var lögð niður í október 2013 og starfsemi safnanna féll þá undir byggðaráð.

1.2. Eignarhald og húsnæði

Byggðasafninu var lengi ekki hugsaður fastur staður en um tíma fékk það samastað í húsnæði Kaupfélags Borgfirðinga í rúmlega 58 fermetra húsnæði í Borgarnesi sem fljótlega reyndist allt of þröngt. Árið 1969 var húsnæði keypt að Borgarbraut 61, þ.e. fyrir byggðasafn, listasafn, skjalasafn, náttúrugripasafn og bókasafn. Fékk byggðasafnið þar til

umráða rúmlega 120 fermetra. Árið 1988 varð enn breyting í húsnæðismálum en þá keyptu söfnin núverandi húsnæði að Bjarnarbraut 4–6 (Safnahús). Að auki hefur byggðasafnið geymsluhúsnæði í rými sem sveitarfélagið á við Sóbakka í Borgarnesi og geymslur fyrir grófa muni í húsnæði þess í Brákarey.

2. Almenn viðmið

2.1. Markmið

Markmið safnsins er samhljóða núgildandi samþykkt um Byggðasafn Borgarfjarðar, sem þeir aðilar er að safninu standa samþykktu árið 1991. Þar segir:

„Tilgangur byggðasafnsins er að safna og varðveita muni, er varða búskaparhætti, atvinnusögu og starfsmenningu Íslendinga, einkanlega þó úr Borgarfjarðarhéraði.,,

Sérstök áhersla skal lögð á fræðslu og miðlun menningararfsins í starfsemi safnsins.

2.2. Söfnunarsvæðið

Söfnunarsvæðið er Borgarfjarðarhérað frá Skarðsheiði að Haffjarðará eins og það ákvarðast stjórnarfrars- og landfræðilega og skarast ekki við söfnunarsvæði annarra safna.

2.3. Söfnunarsvið og sýningar

Megin efni safnsins eru munir úr gamla bændasamfélaginu og munir tengdir öðrum atvinnuháttum, s.s. laxveiðum, verslun, iðnaði og samgöngum, en einnig munir tengdir félagssögu og hóbýlaháttum. Á tímamótum í sögu lands eða héraðs eru einnig haldnar sérstakar sýningar. Sérstaklega skal lagt upp úr mikilvægi miðlunar og fræðslu hvers konar.

3. Söfnunarstefna

3.1. Atvinnuhættir

Landbúnaður: Margir munir í safninu eru tengdir landbúnaði á einhvern hátt, enda er Borgarfjarðarhérað annálað landbúnaðarhérað. Í fyrri stefnu var áhersla lögð á söfnun muna sem sýna og varpa ljósi á búskaparhætti, húsdýrahald og jarðrækt, en með tilkomu starfsemi Landbúnaðarsafns Íslands er minni áhersla lögð á þessa þætti og meiri á samstarf um þetta við Landbúnaðarsafnið.

Lax- og silungsveiðar: Í Borgarfirði renna margar gjöfulustu laxveiðiár landsins. Í eldri stefnu var mikil áhersla lögð á að safna munum sem tengjast lax- og silungsveiðum, bæði í net og á stöng auk muna tengdum netagerð og vinnslu aflans, s.s. reykingu og niðursuðu. Nú er kominn vísir að veiðiminjasafni í Ferjukoti og því verður að óbreyttu minni áhersla lögð á þetta en lagt upp úr samstarfi og faglegum stuðningi við það safn.

Sel- og fuglaveiðar: slíkar veiðar hafa verið stundaðar nokkuð á söfnunarsvæðinu, þá sérstaklega á Mýrum. Það er fellur undir stefnu safnsins að safna munum tengdum því.

Verslun: Byggðasafnið leggur áherslu á að varðveita minjar um sögu verslunar í héraðinu, en Borgarnes varð löggiltur verslunarstaður árið 1867.

Iðnaður: Munum og áhöldum sem tengjast smáiðnaði er safnað, t.d. munum tengdum skósmíðum, trésmíðum, járnsmíðum, bókbandi. Munum sem tengjast mjólkuriðnaði og ostagerð er einnig safnað.

3.2. Félagssaga

Munir sem eru sérkennandi fyrir félög, félagsstarf og skemmtanir á söfnunarsvæðinu eru áhugaverðir fyrir safnið. Munir sem tengjast trúmálum, menntun og farskólahaldi á sveitaheimilum er einnig safnað.

3.3. Samgöngur

Á árunum í kringum 1930 óx upp í Borgarnesi það sem kalla má fyrstu umferðarmiðstöðina á Íslandi. Þangað gekk flóabátur frá Reyjavík og síðan áætlunarbílar bæði til Vestur- og Norðurlands. Safninu er því umhugað um að safna gripum er tengjast samgöngusögu. Munum sem tengjast ferðalögum á láði og legi er safnað. Mest áhersla er þó lögð á söfnun gripa sem tengjast samgöngum á landi. Þar má nefna ökutæki, flest sem tengist hestum og notkun þeirra, smábáta og einnig skíði, skauta, göngustafi og broddstafi. Síðari tíma sögu í þessu efni skal einnig sinnt og tekið við gripum er tengjast samgöngum á fyrri og síðari hluta 20. aldar að því gefnu að safngildi þeirra sé ótvírætt.

3.4. Heimilishald

Á safninu er að finna ýmsa muni sem tengjast heimilishaldi í þéttbýli og dreifbýli, s.s. áhöld til tóvinnu, eldhúsáhöld, hreinlætisáhöld og persónulega muni. Á safninu er gott safn textílmuna, s.s. prjónaðir, heklaðir, saumaðir og ofnir munir, bæði fatnaður og ýmislegt fleira.

3.5. Skólahald

Munum er tengjast fræðslustarfsemi og skólahaldi í héraðinu skal safnað.

3.6. Híbýlahættir

Í geymslu safnsins er varðveitt baðstofa frá Úlfsstöðum í Reykholtssdal. Hún var tekin í sundur og merkt nákvæmlega og því var hægt að setja hana upp í heild sinni í Safnahúsi árið 2008. Safnið á þegar nokkuð af innanstokksmunum, en enn sem komið er hafa í aðfangabók safnsins ekki verið skráðar rústir, grjóthleðslur eða tóttir. Hugað verði sérstaklega að fræðslu og miðlun um híbýlahætti fyrri tíma.

3.7. Fjölskylduhættir

Í þessum efnisflokki er m.a. að finna í safninu leikföng og ýmsa dægurvöl s.s. spil og þrautir.

3.8. Heilsugæsla

Safnið á nokkuð af munum tengdum heilsugæslu og lækningum, t.d. nokkur áhöld og tæki frá þeim Páli Blöndal, lækni frá Stafholtsey, Elísabetu J. Þorsteinsdóttur, ljósmóður frá Indriðastöðum og Jóhönnu Jóhannsdóttur ljósmóður í Borgarnesi.

3.9. Stjórnsýsla

Nokkrir munir eru til á safninu sem tengjast stjórnsýslu, s.s. signet hreppstjóra og sýslumanna og munir frá hrepps- og bæjarskrifstofum.

3.10. Fornleifar

Það er stefna safnsins að taka við flestum þeim minjum og munum sem til þess berast. Fornleifar, s.s. mannvistaleifar, lausamunir og jarðfundnir munir eru þar á meðal.

3.11. Samtímamunir

Samtímamunum verður veitt viðtaka með skipulögðum hætti, því ekki verður horft fram hjá þeirri staðreynd að í neylusamfélagi samtímans er fjölmargt, s.s. fatnaður og ýmis tæki, sem úreldast fljótt. Slíkir munir eru forngripir framtíðarinnar, þeir verða með tímanum mikilvægir safngripir og órjúfanlegur hluti sögunnar.

3.12 Fræðsla og miðlun

Hlutverk safnsins í fræðslu og miðlun menningararfsins er afar mikilvægt og byggðasöfn eru kjörinn vettvangur til náms og fræðslu. Safnkost þarf reglubundið að tengja inn í verkefni sem gera fólki kleift að njóta hans og fræðast um hlutverk hans. Hugað skal að öllum aldurshópum hvað þetta varðar, en ekki síst lögð áhersla á fræðslu til ungs fólks. Áhersla skal lögð á samstarf við skóla á öllum námsstigum.

3.13. Söfnunarflokkar utan söfnunarstefnu safnsins

Myndlist og skjöl eru að öllu jöfnu söfnunarflokkar utan söfnunarstefnu byggðasafnsins. Þeir eru varðveittir í Listasafni Borgarness og Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar, sem jafnframt er ljósmyndasafn. Þessar stofnanir eru undir sama þaki og Byggðasafn Borgarfjarðar og Héraðsbókasafn Borgarfjarðar.

3.14. Aðferðir til söfnunar

Safnið tekur á móti munum sem því eru gefnir og auglýsir eftir vissum efnisflokkum eða gripum þegar sérstök ástæða þykir. Byggðasafnið mun einnig safna munum markvisst eftir öðrum leiðum og kaupa muni í undantekningartilfellum að fengnu samþykki stjórnar. Safnið safnar einnig munnlegum heimildum og stuðlar að varðveislu þeirra og miðlun.

3.15. Grisjun

Það er heyrir til undantekningar ef safngrip, sem einu sinni hefur verið skráður í safnið, er fargað. Þá getur þurft að farga safngrip vegna skemmda, fölsunar, fjölda eintaka af sömu gerð eða vegna þess að gripurinn samræmist ekki söfnunarstefnu safnsins eða telst ekki varðveisluhæfur. Gripurinn kann líka að vera betur kominn í öðru safni. Í slíkum tilfellum skal ávallt leita ráðlegginga fagfólks, t.d. hjá Þjóðminjasafni Íslands. Ákvarðanir um förgun eða langtímalán skulu samþykktar af stjórn safnsins.

3.16. Móttaka gripa

Kvittun er gefin við afhendingu safngrips, undirrituð af starfsmanni safnsins og þeim er afhendir. Þegar tekið er við grip skal hann hreinsaður, skráður og búíð um hann til geymslu eða sýningar. Nauðsynlegt er að hafa í huga mikilvægi forvörslu og er vafaatriði koma upp um snyrtingu eða lagfæringu á safngrip er rétt að safnvörður ráðfæri sig við forverði Þjóðminjasafnsins. Safnið mun ekki taka til varðveislu gripi sem það getur ekki varðveitt. Safninu ber þá að koma gripnum fyrir á öruggum stað og gera skriflegt samkomulag um varðveislu annars staðar, þangað til það getur tekið gripinn í vörslu sína.

Lagt fram og samþykkt á fundi menningarnefndar Borgarbyggðar 3. október 2007. Endurskoðað og uppfært í október 2013; samþykkt á fundi starfsmanna 5. nóv. og lagt fram á fundi byggðaráðs Borgarbyggðar 7. nóvember 2013.